

Pannig samþykkt á 28. fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 27. nóvember 2003.

Súðavík, 10. desember 2003.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Brekku, Borgarbyggð.

Breytingin felst í því að lóðirnar verða samtals níu í stað fjögurra áður.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Náttúruvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) gerði athugasemd við deiliskipulagið vegna náttúruverndarsjónarmiða, m.a. vegna nálægðar fyrirhugaðra frístundahúsa við Grábrókargíga. Skipulagsstofnun hefur á grundvelli þessari sjónarmiða andmælt fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulaginu.

Bent skal á að lóðarmörk fyrirhugaðrar frístundabyggðar er 10 m frá þeirri línu er afmarkar náttúruvættið Grábrókargíga. Töluverð byggingastarfsemi á sér nú þegar stað í Grábrókarhrauni sbr. Bifröst.

Ofangreind breyting á deiliskipulagi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 22. desember 2003.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Landamærostöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Eskifirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Njarðvík, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærostöðvar á Akureyri, í Hafnarfirði, Njarðvík og Reykjavík. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærostöð á Keflavíkurflugvelli.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Snorri Rúnar Pálmason.